

Stjórnarfundur Glímufélagsins 4. október 2016

Fundinn sátu: Snorri, Jón Þór, Eiður, Kristín, Sigurða, Gunnar, Jakob og Vilborg (fundarritari).

Vantaði: Einar, Lárus, Hólmfríði Ingu og Bryndísi.

Fundartími vetrarins var ákveðinn á síðasta stjórnarfundum og verður fyrsta þriðjudag í mánuði.

- Starfið: aðsókn hefur dregist lítillega saman, nema hjá sundinu þar er aukning.
- Tjöldin í Skelli komin upp, en eftir að ganga frá við gólf og vegg og finna lausn á aðgengi sem verður gert í samráði við Júdo- og Taekwondodeildir.
- Heimsíðan er tilbúin og fer í loftið þegar búið er að ganga frá málinu varðandi lénið. Allar deildir fá námskeið 6. október. Nýja símakerfið verður tekið í notkun von bráðar.
- Ármannsdagurinn gekk vonum frammar. En þá komu 1-4 bekkur í Vogaskóla í heimsókn og fengu kynningu á flestum deildum félagsins í formi þess að prófa. Tókst það vel að reynt verður að endurtaka með því að bjóða Laugarnesskóla eða Langholtsskóla við fyrsta tækifæri.
- Búið að ýta við deildum með að sækja um strykki, bæði hjá velferðarsjóði ÍBR og Rannís (íþróttasjóður borgarinnar). Sótt var um styrk til að setja upp tjaldið í Skelli og eins styrk til að bjóða leikskólabörnum að koma einu sinni í viku í samstarfi við HÍ – íþróttakennara.
- Bæði júdo- og taekwondo deildirnar hafa komið fram með efasemdir varðandi ágæti tjaldsins á milli rýmanna.

Í lok fundar fóru stjórnarmenn niður í Skelli til að skoða tjaldið.

Næsti stjórnarfundur verður 1. nóvember 2016.